

20. MARS
2025

HARPA
ELDBORG

75
ÁRA

Arvo Pärt sinfóníur



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Sinfónía nr. 1: 16'

Sinfónía nr. 3: 21'

Sinfónía nr. 2: 14'

Sinfónía nr. 4: 34'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Arvo Pärt sinfóniur

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 20. MARS KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Arvo Pärt

Sinfónía nr. 1 (Pólífónísk) (1964)

Kanon
Preludio e fuga

Sinfónía nr. 3 (1971)

I
II
III

Hlé

Sinfónía nr. 2 (1966)

I
II
III

Sinfónía nr. 4 „Los Angeles“ (2008)

Con sublimitá
Affannoso
Deciso

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.

Sinfóníurnar fjórar verða hljóðritaðar síðar
á árinu og gefnar út af útgáfufyrirtækinu
Chandos í flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar
og Evu Ollikainen.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu.

Eva stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því tvo áratugi.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínaþborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst 2022 þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmoníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Verk íslenskra tónskálda hafa verið henni hugleikin og hefur hún flutt og hljóðritað mörg þeirra með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal annars hljómdiskinn ARCHORA / AION með verkum Önnu Þorvaldsdóttur sem Sono Luminus gaf út árið 2023 og hlaut mikið lof í tónlistarheiminum og Orchestral Works eftir Báru Gísladóttur sem Dacapo Records gaf út árið 2024 og var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna 2025 sem plata ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómsveitarakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.



Arvo Pärt

Arvo Pärt fæddist þann 11. september 1935 í eistneska bænum Paide sem liggur skammt suðaustur af höfuðborginni Tallinn. Sjö ára gamall hóf hann tónlistarnám og byrjaði á táningsaldri að glíma við tónsmíðar. Hann stundaði nám við Konservatóríð í höfuðborginni Tallinn þar sem Veljo Tormis og Heino Eller voru lærifeður hans og starfaði meðfram náminu sem tónmeistari hjá eistneska ríkisútvarpinu frá 1958–1967. Föðurland hans var á þessum árum hluti af Sovétríkjunum og lauk hann prófi árið 1963 eftir að hafa komist í gegnum nálarauga hins alsovéska afrekaeftirlits fyrir ungtónskáld. Verk hans vöktu fljótt athygli í hinum vestræna heimi vegna þess að þau endurspegluðu þjóðlega tónlist heimalands hans á auðskiljanlegan en um leið nýstárlegan hátt. Sovéskir menningarfrömuðir voru aftur á móti ekki hrifnir vegna hins móðerníska tónmáls hans. Arvo Pärt starfaði sem tónskáld í Tallinn frá 1967 til 1980, þegar hann „vegna þrýstings frá sovéskum yfirvöldum“ flúði til Vesturlanda og var Vínarborg þar hans fyrsta hæli. Ári síðar flutti hann sem styrkþegi til Berlínar og bjó þar til ársins 2008 þegar hann flutti aftur til heimalandsins, hins frjálsa Eistlands.

Í upphafi tónskáldaferils síns samdi Arvo Pärt í frjálsum nýklassískum stíl en tileinkaði sér fljótlega nýjungar úr alþjóðlegri framúrstefnu samtímans. Árið 1960 samdi hann fyrsta eistneska tólftónaverkið og reyndi fyrir sér í hinum ýmsu stílbrigðum, meðal annars klippitónlist sem snýst um að taka búta úr verkum eldri meistara og setja í nýtt samhengi. Síðasta verk Pärts í þessum stíl er **Credo** frá árinu 1968.



Tónlistin og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hamrahlíðarkórarnir fluttu Cecilia, vergine romana eftir Arvo Pärt ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói árið 2003 undir stjórn eistneska hljómsveitarstjórans Tönu Kaljuste. Stóð hann aftur á hljómsveitarstjórallinum og nú í Eldborgarsal Hörpu þegar hljómsveitin og Hamrahlíðarkórarnir fluttu Te Deum eftir Arvo Pärt í mars árið 2016.

Arvo Pärt

SINFÓNÍA NR. 1 „PÓLÍFÓNÍSK“

Arvo Pärt lauk við fyrstu sinfóníu sína árið 1963 eftir að hafa lokið prófi frá Tónlistarháskólanum í Tallinn. Sinfóníuna tileinkaði hann aðalkennara sínum í tónsmíðum, Heino Eller. Í verkinu notar hann sömu tónsmíðatækni og í *Nekrolog* sem var hans fyrsta hljómsveitarverk og um leið fyrsta tólf-tónatónverkið í sögu Eistlands. Sinfónían ber einnig sömu einkenni og fyrsta eistneska hljóðmassa- eða klasa tónsmíðin *Perpetuum mobile* sem Pärt samdi sama ár.

Titill sinfóníunnar, Pólfónískur, sem og heiti þáttanna tveggja, Prelúdía og fúga, skírskota til kontrapunkts og forms hinnar sígildu fjölröddunar. Öll uppbygging verksins hvílir á tólf-tónaröð (e-f-fís-h-b-g-a-es-d-as-des og c) sem er fylgt út í æsar. Pärt notaði spegilmynd af sömu tónaröð í *Perpetuum mobile* en þríund ofar.

Kanóninn eða keðjusöngurinn í fyrsta kaflanum gengur í bylgjum sem rísa hæst undir lokin. Fögur fiðlusóló í upphafi prelúdíunnar virðast vera eins konar hægur millipáttur. Fúgan fer hægt af stað en brátt hefst áhrifa-mikill stígandi sem nær hápunkti með tónklasahljómunum þar sem allir tólf tónar tónstigans hljóma samtímis.

Sinfónía nr. 1 eftir Arvo Pärt var frumflutt 7. febrúar 1964 af Eistnesku útvarpshljómsveitinni sem í dag heitir Eistneska þjóðarhljómsveitin. Stjórnandi var Neeme Järvi.

SINFÓNÍA NR. 3

Sá dagur rann upp að Pärt skynjaði að tónsmíðaaðferðir hans hentuðu honum ekki lengur. Hann sökkti sér niður í forna tónlist, því að í Gregorssöng, eldri fjölröddun og fjölraddaðri tónlist frá endurreisnartímanum, hafði hann fundið fyrirmyndir, fullkomnar hljómasamsetningar og aðferðir. Í átta ár 1968–1976, sem stundum er nefnt „þögla tímabilið“ í lífi tónskáldsins, fór Pärt í eins konar pílagrímsför til að rýna inn á við og finna kjarnann í tónlist sinni. Þó leit þriðja sinfónían dagsins ljós á þessum tíma.

Sinfónían er eitt af fyrstu verkum Arvos Pärt sem boðuðu nýja stefnu í tónsmíðastíl hans. Allir þrír kaflar verksins eru leiknir samfellt án hlés og áhugi hans á einróddun og fornri fjölróddun kemur berlega í ljós. Þá minnir hljómsetning og melódískur efniviður á kórtónlist frá 14. og 15. öld þó án þess að um tilvitnanir sé að ræða. Pólfónísk framvinda kaflanna skapar ekki andrúmsloft fyrri alda heldur er lagræn framvinda túlkuð yfir á nútíma tónmál.

Arvo Pärt segir: Smáir, sífellt fleiri kjarnar sem dreifast þar til þeir snerta hver annan og mynda einingu. Sama gerist í hljómrænni framvindu verksins sem er þróað úr röð stuttra eininga. Á þessari hugmynd byggir hugmyndin um margslungna fjölróddun. Mér hafði tekist að byggja brú innra með sjálfum mér á milli gærdagsins og dagsins í dag - gærdags sem var nokkurra alda gamall - og þetta hvatti mig til að halda áfram að grúska.“

Sinfónía nr. 3 er tileinkuð Neeme Järvi sem stjórnaði Eistnesku sjónvarps- og útvarpshljómsveitinni við frumflutninginn í Eistneska tónlistarhúsinu í Tallinn 21. september 1972.

SINFÓNÍA NR. 2

Á meðan Arvo Pärt leit á fyrstu sinfóníu sína sem látlaust tónverk sá hann sinfóníu nr. 2 (1966) sem flóknara viðfangsefni. Þetta þriggja þátta tólftónaverk byggir á flókinni nótnaröð og skyldum þríhljómunum.

Líkt og önnur verk Pärts á þessum árum, var tólftónaaðferðin tengd ýmsum möguleikum hljóðsins, til dæmis klasahljómi. Til viðbótar við óvenjulega notkun hljóðfæra og hljóma notar Pärt framandi hluti eins og leikföng og skjáfandi sellófan.

Í síðasta kafla sinfóníunnar notar hann klippitækni til að gjörbreyta heildarmynd verksins. Rétt undir lokin leikur hljómsveitin lagið **Sætir draumar** úr píanóbók Tsjajkovskíjs fyrir börn (1878). Vart er hægt að hugsa sér öllu sneggri umbreytingu á andrúmslofti frá ómstríðunni og angistinni yfir í þessa ljúfu og einföldu laglínu. Um þetta sagði Nora Pärt, eiginkona tónskáldsins:

„Tilvitnununin í Tsjajkovskíj er miðpunktur verksins. Hér er barnslegu sakleysi og hreinleika stillt upp gagnvart vonsku alheimsins og það er hin mjúka hlið sem stendur uppi sem sigurvegari. Ef litið er á þetta sem eitthvert glens, er verkið einskis vert.“

Sinfónía nr. 2 eftir Arvo Pärt var frumflutt í Tallinn í október 1967. Eistneska þjóðarhljómsveitin lék en stjórnandi var Eri Klas.

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfónía eftir Arvo Pärt hefur aðeins einu sinni áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það gerðist 11. apríl 2013 þegar hljómsveitin lék 2. sinfóníu Pärts. Stjórnandi var Ilan Volkov þáverandi aðalstjórnandi hljómsveitarinnar.

SINFÓNÍA NR. 4 „LOS ANGELES“

Og leitinn hélt áfram þangað til Pärt eygði nýjan stíl sem samanstendur af stöðugu samspili tónaraða og þríhljóma. Þessa bjöllumkenndu hljóðmynd kallaði tónskáldið „tintinnabuli-stíl“ – eftir latneska orðinu fyrir bjöllu „tintinnabulum“. Útkoman er einstök – nútímaleg og forn í senn – og leiðir hlustandann inn í stillt tímaleysi og djúpa íhugun. Arvo Pärt segir: „Ég nota ekki marga efniviði – eina rödd – tvær raddir. Ég byggi á frumstæðu efni, þríhljómunum, fyrirfram ákveðinni tóntegund. Tónarnir þrír í þríhljómunum eru líkt og bjöllur og það er ástæðan fyrir því að ég kalla þá tintinnabulation.“

Fjórdða sinfónían var samin að beiðni Los Angeles Philharmonic Association og Esa-Pekka Salonen, Alþjóðlegu tónlistarháttíðarinnar í Canberra og Tónlistarháskólans í Sydney. Beiðnin kom árið 2007 þegar Arvo Pärt var að vinna að **Rétttrúnaðar kanón (bæn) til verndarengilsins** sem veitti honum innblástur fyrir hljómsveitarverkið 2008. Titill sinfóníunnar skírskotar til stefs verndarengilsins og borgarinnar Los Angeles sem á spænsku þýðir „Englarnir“.

Þrátt fyrir að *Sinfónía nr. 4* sé hljómsveitarverk fylgir innri gerð hennar nákvæmlega uppbyggingu bænar slavnesku rétt-trúnaðarkirkjunnar. Þó er lesmál bænarinnar ekki notað til fulls.

Fyrsti kaflinn inniheldur þrjár bænir og túlkar tónlistin ákall til verndarengilsins, lof til heilagrar þrenningar og söng til heilagrar guðsmóður. Annar þátturinn inniheldur meginhluta textans sem hefst á bæn til verndarengilsins: „Heilagur engill Guðs, verndari minn.....“ þá koma fjórar syndajátningar sem eru aðskildar með endurtekinni bæninni til verndarengilsins. Þriðji kaflinn er auðmjúk bæn og verkinu lýkur á Coda, niðurlagi - lofgjörð til heilagrar þrenningar.

Sinfónían er tileinkuð Mikhail Khordorkovsky sem árið 2003 var varpað í fangelsi á pólitískum forsendum. Þært hefur bent á að tileinkuninni fylgi tjáning hans á virðingu fyrir manni sem hefur unnið siðferðilegan sigur mitt í persónulegum harmleik. Hið sorglega yfirbragð sinfóníunnar er ekki harmljóð fyrir Khordorkovsky heldur djúp hneiging fyrir krafti mannsandans og mannlegri reisn.

Sinfónía nr. 4 eftir Arvo Pärt var frumflutt þann 10. janúar 2009 í Walt Disney tónleikahúsinu í Los Angeles og stjórnaði Esa-Pekka Salonen Los Angeles filharmóníuhljómsveitinni.

Sigurður Ingvi Snorrason

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laura Líu
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Joanna Bauer
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Sigrún Harðardóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Justyna Bidler

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Sarah Buckley
Fidel Atli Quintero Gasparsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Urh Mrak
Bryndís Halla Gylfadóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Richard Korn

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson
Auður Edda Erlendsdóttir

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir
Shunyu Liu

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Caroline Messner
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Øyvind Lapin Larsen

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson
Gunnar Helgason

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

21.03 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Herdís Anna og sellódeildin

Á þessum tónleikum í Föstudagsröðinni sameina sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sópransöngkonan Herdís Anna Jónasdóttir krafta sína í heillandi og litríkri efnisskrá þar sem íslensk og suður-amerísk tónlist mætast. Verkin sem hljóma eru eftir Villa-Lobos, Þórð Magnússon, Astor Piazzolla, Magnús Blöndal Jóhannsson og fleiri.

Herdís Anna Jónasdóttir sópran hefur um langt árabil verið ein af fremstu söngvurum landsins og hefur hún hlotið fjölda verðlauna fyrir list sína – til að mynda Íslensku tónlistarverðlaunin 2022 og Grímuverðlaunin 2019. Það er sérstakt tilhlökkunarefni að heyra bjarta og tæra rödd hennar mæta mjúkum og seiðandi hljóm sellósins, sem annars er allsráðandi á þessum skemmtilegu og fjölbreyttu tónleikum.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir án hlés.

27.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Prokofíev og Tsjajkovskíj

Það tók Sergei Prokofíev átta ár að ljúka við þriðja píanókonsert sinn, en tónskáldið frumflutti hann sjálfur í Chicago haustið 1921 en verkið hefur síðan verið álitnið eitt af helstu píanóverkum 20. aldarinnar. Það er kínverskbandaríski píanóleikarinn Claire Huangci sem flytur okkur píanókonsertinn en hún kemur hér fram í annað skiptið með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Sjötta sinfónía rússneska tónskáldsins Pjotr Tsjajkovskíjs, einnig þekkt undir nafninu Pathétique, var hans síðasta tónverk en Tsjajkovskíj lést aðeins níu dögum eftir að hann stjórnaði frumflutningi verksins í Sankti Pétursborg haustið 1893. „Ég hef gefið alla sál mína í þessa sinfóníu,“ skrifaði tónskáldið um sinfóníuna, en hann taldi hana sitt besta verk.

Íslandsfrumflutningur á This Midnight Hour eftir breska tónskáldið Önnu Clyne fer fram en verkið er innblásið af ljóðunum La Musica eftir Juan Ramón Jimi og Harmonie du soir eftir Charles Baudelaire. Hljómsveitarstjórinn David Danzmayr snýr aftur og heldur um tónsprotann á þessum tónleikum í gulu tónleikaröðinni.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Óperuveisla með Ólafi Kjartani

3. & 4. APRÍL | KL. 19:30

Ólafur Kjartan Sigurðarson, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hefur átt fádæma velgengni að fagna í heimi óperunnar á síðustu árum.

Hér býður hann til sannkallaðrar veislu þar sem glæsilegir gestir, söngvararnir Kristín Anna Guðmundsdóttir, Gunnar Björn Jónsson og Kristín Sveinsdóttir bregða sér í hin ýmsu hlutverk. Um tónsprotann heldur Bjarni Frímann Bjarnason.

Þessir tónleikar eru fullir af ástríðu, örlagaþrungnum aríum og dýrðlegum dúettum úr helstu perlum óperunnar, t.d. eftir Verdi, Puccini og Bizet.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS